

**Alþingi**  
**Erindi nr. P 143/422**  
**komudagur 27.11.2013**

Alþingi - Atvinnuveganefnd  
Austurstræti 8 - 10  
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 27. nóvember 2013  
Tilvísun: UST20131100081/abg

### Umsögn um skýrslu um raforkustreng til Evrópu.

Vísað er í erindi Atvinnuveganefndar Alþingis dags 12. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um skýrslu um raforkustreng til Evrópu, sbr. þingskjal 59 - 59. mál.

Fram kemur í formála skýrslunnar, að hópnum sem vann skýrsluna hafi verið ætlað að „greina samfélagsleg- og þjóðhagsleg áhrif verkefnisins, tæknileg og umhverfisleg atriði ásamt greiningu á lagaumhverfi og milliríkjasamningum.“

Umhverfisstofnun telur að við slíka greiningu hefði einnig átt að horfa til þess umhverfiskostnaðar sem hlýst af því að afla aukinnar orku innanlands ásamt því að leggja sæstreng á milli Íslands og Evrópu. Stofnun telur að fara þurfi fram kostnaðar- og nytjagreining (e. CBA) sem er aðferðarfræði sem hefur um árabil verið beitt t.d. í Bandaríkjunum, m.t.t. þess umhverfiskostnaðar sem framkvæmdirnar kæmu til með að hafa í för með sér á náttúru Íslands. Í því sambandi þarf einnig að horfa til þess að ýmis núverandi atvinnustarfsemi byggir á nýtingu og vernd náttúrugæða og því gætu auknar framkvæmdir vegna orkuöflunar gengið á þau landsvæði, haft neikvæð áhrif á ósnortið land og spillt víðernisupplifun t.d. á hálandi Íslands. Umhverfisstofnun bendir á að í stefnumörkun stjórnvalda „Velferð til framtíðar 2002-2020“ er sett fram það markmið að tryggt verði að stór samfelld víðerni verði áfram að finna í óbyggðum Íslands. Þar kemur einnig fram að stór samfelld víðerni sé varla að finna lengur í vestanverðri Evrópu, nema nyrst í Skandinavíu og á Íslandi. Ástæða sé til þess að ætla að slík víðerni fái aukið gildi í framtíðinni, bæði efnahagslegt og huglægt. Umhverfisstofnun bendir á að stærstur hluti þeirra neikvæðu umhverfisáhrifa sem koma til með að hljóttast af framkvæmdinni verða á Íslandi og er því að mati stofnunarinnar mikilvægt að taka þessa þætti inn í úttektina.

Umhverfisstofnun bendir einnig á að eðlilegt væri að beina frekari vinnslu málsins ef úr verður í farveg umhverfismats áætlana sbr. lög nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana, en markmið þeirra laga er að stuðla að sjálfbærri þróun og draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum og stuðlar að því að við áætlanagerð sé tekið til umhverfissjónarmiða.

Virðingarfyllst

Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir  
Teymisstjóri

Björn Stefánsson  
sérfræðingur